

M-13/2017. Álit 18. september 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-13/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. mars 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sjónvarpstæki af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að sjónvarpið sé haldið galla og krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. mars 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 20. mars 2017. Hinn 21. mars 2017 voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust frekari athugasemdir þann 27. mars 2017. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 26. apríl 2017 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvör þann 22. maí 2017. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti sjónvarpstæki af seljanda þann 9. nóvember 2016 af gerðinni Philips fyrir 99.995 krónur. Um það bil mánuði eftir kaupin fóru að sögn álitsbeiðanda að koma „svört ský inn í myndina“ sem hafi aðeins aukist með tímanum. Þann 27. febrúar 2017 fór álitsbeiðandi með tækið til seljanda sem sendi sjónvarpstækið til umboðsaðila í skoðun á verkstæði og í bilanagreiningu. Degi síðar kveðst álitsbeiðandi hafa fengið þær upplýsingar frá seljanda að skemmdir á tækinu megi rekja til þess að álitsbeiðandi hafi reykt nálægt sjónvarpinu. Álitsbeiðandi segir það ekki geta staðist og krefst þess að seljandi bæti úr gallanum eða afhendi sér nýtt tæki.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að rafeindavirki á verkstæði hafi skoðað tækið og séð að það var „mjög óhreinnt að innan, dökk skán aftan á panel og yfir íhlutum.“ Þá hafi panel sjónvarpstækisins verið opnað og í ljós komu óhreinindi í botni og á plastlögnum í skjánum. Í skýrslu frá starfsmanni verkstæðisins, dags. 16. mars 2017, segir að þetta séu sömu óhreinindi og þau sem sjáist á skjá sjónvarpstækisins. Nánar segir í viðgerðarskýrslu:

„Miðað við lykt af tæki þá grunar mig að um óhreinindi frá tóbaksreyk sé um að ræða. Lausnin er annaðhvort að skipta um panelinn eða klára að opna hann algjörlega og þrifa hann.“

Telur seljandi að ekki sé um galla að ræða heldur bilun sem rekja megi til mikilla óhreininda og hafnar kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitseiddandi að við meðferð málsins hjá kæruneftndinni hafi seljandi, þann 15. mars 2017, haft samband og beðið álitseiddanda um að koma með sjónvarpstækið þar sem seljandi hafi ætlað að reyna að þrifa tækið. Degi síðar hafi seljandi sagt að óhreinindin megi rekja til álitseiddanda og seljandi muni „ekkert gera“ en það kosti mikið að gera við tækið, yfir 200.000 krónur að sögn álitseiddanda. Hins vegar sjáist af myndum sem seljandi hafi sent til nefndarinnar að seljandi hafi ekki annað gert en að opna tækið til að taka myndir af því. Síðar kveðst álitseiddandi hafa tekið eftir því að bakhlið tækisins væri laus auk þess sem flísast hafi úr horni tækisins.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum sínum segir seljandi að álitseiddandi fari „ranglega með kostnaðar tölur“ í athugasemdum sínum, þar sem viðgerðarkostnaður hafi verið 20.000 krónur en ekki 200.000 krónur. Þá segir seljandi að hann hafi ekki tekið eftir því að skráfur á bakhlið tækisins hafi verið lausar eftir skoðun hans.

VII

Nánari athugasemdir álitseiddanda

Í nánari athugasemdum sínum tekur álitseiddandi fram að seljandi fari með rangt mál með að segjast hafa boðið álitseiddanda viðgerð á 20.000 krónur. Ef slíkt boð hefði komið fram kveðst álitseiddandi hafa tekið því.

VIII

Niðurstæða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitseiddandi sjónvarpstæki hjá seljanda af gerðinni Philips þann 9. nóvember 2016. Álitseiddandi telur að tækið sé haldið galla vegna svartra „skýja“ eða bletta sem eru á skjá sjónvarpsins. Að sögn álitseiddanda hófu blettirnir að koma í ljós um mánuði eftir kaupin en seljandi fékk tækið til skoðunar þann 27. febrúar 2017, um fjórum og hálfum mánuði eftir afhendingu tækisins.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að sjónvarpið hafi verið haldið galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu og myndum af sjónvarpstækinu má sjá að tækið er nokkuð óhreint að utan og einnig að innan. Verður ekki annað séð en að svörtu blettirnir sem eru á skjá sjónvarpsins séu einhverskonar óhreinindi en ekki galli á söluhlut í skilningi laga um neytendakaup. Er því ekki annað séð, eins og máli þessu er háttað, en að umræddur annmarki sé sök álitseiddanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áðurneftndrar 1. mgr. 26. gr. Verður því að hafna kröfum álitseiddanda.

VIII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson